



Fréttatilkynning

16 December 2020 15:25:00 GMT

Breytingar á kaupaukakerfi Arion banka

Stjórn Arion banka hefur samþykkt breytt kaupaukakerfi fyrir starfsfólk Arion banka sem gildir fyrir árið 2021. Kerfið er að fullu í samræmi við reglur FME um kaupaukagreiðslur starfsfólks fjármálafyrirtækja og starfskjarastefnu bankans sem samþykkt var á hluthafafundi. Áður hafði stjórn bankans samþykkt að engar kaupaukagreiðslur yrðu greiddar út vegna ársins 2020.

Breytingarnar fela í sér að nú verður allt starfsfólk Arion banka, að starfsfólki eftirlitseininga undanskildu, hluti af kerfinu og getur fengið allt að 10% af föstum árslaunum ársins 2021 í kaupauka þegar ársreikningur bankans fyrir árið 2021 liggur fyrir, að því gefnu að markmiðum kerfisins hafi verið náð. Þeir stjórnendur og það starfsfólk sem hefur hvað mest áhrif á tekjur og kostnað bankans mun geta fengið allt að 25% af föstum árslaunum í kaupaukagreiðslu, en þá í formi hlutabréfa í bankanum sem verða ekki laus til ráðstöfunar fyrr en að þremur árum liðnum.

Sá mælikvarði sem sker úr um hvort greiddur verður kaupauki fyrir árið 2021, að hluta eða öllu leyti, er arðsemi bankans á árinu 2021 og að hún sé hærri en vegið meðaltal arðsemi helstu keppinauta bankans: Íslandsbanka, Landsbanka og Kviku. Náist þetta markmið ekki, verður ekki greiddur út kaupauki. Heildarfjárhæðin sem veitt verður til kaupaukagreiðslna verður þó aldrei hærri en sem nemur arðsemi bankans umfram vegið meðaltal arðsemi samkeppnisaðila.

Við mat á upphæð kaupaukagreiðslna vegna ársins 2021 verður horft til fjölmargra þátta eins og t.d. arðsemi bankans og einstakra sviða, kostnaðarhlutfalls, meðmælaeinkunna starfsfólks, lögfylgni, þekkingar á viðskiptavinum (KYC/AML) og fjölda þjónustuþátta sem viðskiptavinir nýta sér.

Starfskjarastefna bankans er lögð fyrir aðalfund á hverju ári. Stjórn bankans mun árlega endurmeta kaupaukakerfið og þau markmið sem þar ráða mestu að fenginni heimild í starfskjarastefnu.

Nánari upplýsingar veitir:

Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka, harlaldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108, og Theódór Friðbertsson, forstöðumaður fjárfestatengsla Arion banka, theodor.fridbertsson@arionbanki.is, s: 856 6760.



Viðhengi

[Breytingar á kaupakerfi Arion banka](#)